

## FUNDARGERÐ

260. stjórnarfundur Ríkisútværpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 22. september 2023 og hófst kl. 12:00.

Mætt voru stjórnarmennir Ingvar Smári Birgisson, Diljá Ámundadóttir Zoëga, Þráinn Óskarsson og Margrét Tryggvadóttir. Silja Dögg Gunnarsdóttir, Mörður Áslaugarson, Marta Guðrún Jóhannesdóttir og Rósa Kristinsdóttir sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Áheyrnarfulltrúar RÚV voru forfallaðir. Að auki sátu fundinn Stefán Eiríksson útværpsstjóri, Bryndís Dagsdóttir forstöðumaður fjármála, Sveinn R. Reynisson endurskoðandi og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

### 1. Árshlutareikningur samstæðu Ríkisútværpsins ohf. 2023

Forstöðumaður fjármála kynnti árshlutareikning samstæðu Ríkisútværpsins ohf. Tap samstæðunnar á tímabilinu nam kr. 121 milljónum, en samt hefur rekstarhagnaður fyrir fjármagnsgjöld batnað frá sama tíma og í fyrra. Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir samstæðunnar kr. 9.735 milljónum, bókfært eigið fé í lok tímabilsins er kr. 1.683 milljónir og eiginfjárlutfall samstæðunnar hefur lækkað talsvert og er nú 17,3%.

Tekjur dótturfélags á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2023 voru kr. 1.514 milljónir (2022: kr. 1.327 milljónir), þar af voru tekjur af auglýsingum kr. 1.253 milljónir (2022: kr. 1.142 milljónir). Hagnaður af rekstri var kr. 110,9 milljónir (2022: kr. 81,2 milljónir).

Sveinn R. Reynisson endurskoðandi tók til máls og kynnti fyrir stjórn skýrslu þar sem gerð var grein fyrir helstu niðurstöðum könnunar á árshlutareikningi samstæðu Ríkisútværpsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2023. Í skýrslunni sé greint frá helstu reikningsskilamálum og öðrum málum sem komu í ljós við könnun þeirra, ásamt ábendingum og tillögum um úrbætur eftir því sem við á.

Í áritun á samstæðuárshlutareikninginn komi fram að við könnun hans að ekkert hafi kom fram sem bendi til að hann sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga. Ýmis atriði sem upp komu við könnunina hafa verið yfirfarin með stjórnendum félagsins.

Sýningarréttur nam samtals 2.828 millj. kr. í lok júní 2023 samanborið við 2.474 millj. í lok árs 2022. Sýningarréttur hækkaði því um 354 millj. kr. frá áramótum. Sýningarrétti sé skipt upp í langtímhahluta og skammtímhahluta eftir því hvenær rétturinn sé tiltækur til sýninga. Sýningarréttur sé skráður á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu sem nemi 22,0 millj. kr. í lok júní 2023 samanborið við 31,5 millj. kr. í árslok 2022. Lækkun á niðurfærslu skýrist að mestu leyti af sýningum á áður niðurfærðu efni. Við yfirferð við endurskoðunina á mati sýningarréttar kom ekkert fram sem bendi til annars en að mat stjórnenda sé raunhæft.

Viðskiptakröfur félagsins námu 407 millj. kr. í lok júní 2023 samanborið við 599 millj. kr. í lok síðasta reikningsárs.

Viðskiptakröfur félagsins séu niðurfærðar um 19,3 millj. kr. í lok júní 2023 samanborið við 20,9 millj. kr. niðurfærslu í upphafi árs. Við yfirferð endurskoðandansá mati krafna hafi ekkert komð fram sem bendi til annars en að mat stjórnenda sé raunhæft.

Árshlutareikningur samstæðu Ríkisútværpsins var samþykktur og áritaður af stjórn. Fundi slitið.

Margrét Tryggvadóttir

DK  
Rósa Kristinsdóttir

Silja D. Gunnarsdóttir

Torgerð S. Birgisson  
Hafnurbjöllur Hallgrímsson